



Mýrdalshreppur skipulags – og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Í samræmi við 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við lýsingu skipulagsverkefnis og breytingu á aðalskipulagi á vinnslustigi.

Suðurvíkuvegur: Um er að ræða lýsingu skipulagsverkefnis vegna breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Í breytingunni felst breyting á landnotkunarflokki við Suðurvíkuveg 1. Landnotkunarflokkur viðkomandi reits breytist úr „þjónustustofnun“ í „verslun og þjónusta“. Lýsing skipulagsverkefnis verður aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps, www.vik.is, frá 1. júní til og með 10. júní.

Jafnframt er auglýst breytingartillaga að aðalskipulagi á vinnslustigi fyrir Suðurvíkurveg. Tillagan verður aðgengileg á heimasíðunni, www.vik.is, frá og með 1. júní til og með 13. júní.

Lýsing verkefnis og breytingartillaga liggja frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Einnig er opið hús kl. 15-17 á bæjarskrifstofum Mýrdalshrepps, þann 7. júní og þar er hægt að koma á framfæri ábendingum og fá svör við spurningum. Athugasemdafrestur við lýsingu er til 10. júní og breytingartillögu til 13. júní. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða á netfangið bygg@vik.is.

Deiliskipulag Suðurvíkurvegur og Myllulands

Í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulag Suðurvíkurvegur og Myllulands á vinnslustigi.

Deiliskipulagstillagan snýr að skipulagi þegar byggðra lóða við Suðurvíkurveg og framtíðarbyggingarlóða við Mylluland. Alls er um að ræða 21 íbúð, slökkvistöð og verslunar- og þjónustuhúsnæði. Vinnslutillagan kynnir tillögur að skilmálum, aðgengi og nýtingarhlutfalli. Deiliskipulagstillagan er auglýst samhliða ofangreindri aðalskipulagsbreytingu í samræmi við gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagstillaga á vinnslustigi mun liggja frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is, frá og með 6. júní. Einnig er opið hús kl. 15-17 á bæjarskrifstofum Mýrdalshrepps, þann 7. júní og þar er hægt að koma á framfæri ábendingum og fá svör við spurningum. Athugasemdafrestur við deiliskipulagstillögu er til 13. júní. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða á netfangið bygg@vik.is.

Fh.Skipulags-og byggingarfulltrúa
Vigfús Þór Hróbjartsson
Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála
Mýrdals- og Skaftárhreppi